



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

nave@nave.is

*Könnunarskurður í
Kröggólfsstaðastekk
vegna framkvæmda við
Þorlákshafnarveg*

Atli Rúnarsson

Ágúst 2026

NV nr. 13-26

EFNISYFIRLIT

Myndaskrá	2
1. GRUNNUPPLÝSINGAR	3
2. TÆKNILEG ATRÍÐI	4
2.1 Útdráttur	4
2.2 Forsaga rannsóknar	4
2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun	5
2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina	6
2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	6
2.6 Stærð og umfang uppgrafter	6
3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á KRÖGGÓLFSSTAÐSTEKK	7
4. GRIPIR OG SÝNI	10
5. NIÐURSTÖÐUR	11
6. HEIMILDASKRÁ	12
7. KORT	16
8. TEIKNINGAR	16
9. SKRÁR	18
9.1 Contextaskrá	18
9.2 Ljósmyndaskrá	19
9.3 Drónamyndaskrá	20
9.4 Teikningaskrá	21
9.5 Flæðirit (Harris Matrix)	22
Viðauki 1. Gjóskulagarannsókn	23

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Uppmæling af Kröggólfsstaðastekk og minjahólnum.	4
Mynd 2. Mynd tekin með flygildi af Kröggólfsstaðastekk og minjahólnum. Horft er í SA. Ljsm: AR	4
Mynd 3. Staðsetning könnunarskurðar og sniðs.....	7
Mynd 5. NV snið könnunarskurðarins. Torfveggur (110) er innan rauða hringsins. Ljsm: KSR. ..	8
Mynd 4. Horft SV yfir könnunarskurðinn. Ljsm: KSR	8
Mynd 6. NV snið könnunarskurðarins. Torfveggur (116) er innan rauða hringsins. Ljsm: KSR. ..	9
Mynd 7. NV snið könnunarskurðarins. Jarðlag (113) er innan rauða hringsins. Ljsm: KSR	9
Mynd 8. Könnunarskurðurinn við lok uppgrftar. Upp er í SV. Ljsm: AR	10
Mynd 9. Tilgátuteikning af Kröggólfsstaðastekk og gerðinu.	11

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 202606-0061

ÞJMS-númer: 2026-38

Stutt lýsing rannsóknar:

Könnunarskurður Kröggólfsstaðastekk og mögulegan rústahól vegna framkvæmda við Þorlákshafnarveg

Tegund rannsóknar:

Könnunarskurðir

Staðsetning

Í landi Kröggólfsstaða við Þorlákshafnarveg, Ölfusi

GPS hnit

ISN93: A: 391636, N: 688629

Rannsóknartími: 15-22. júní 2026

Leyfishafi

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 2



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði fornleifarannsókn vegna vegbóta á Þorlákshafnarvegi frá Þrengslavegi að Hveragerði. Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að gerður yrði könnunarskurður í svonefndan Kröggólfsstaðastekk og mögulegan minjahól sem hann stendur á til þess að komast að aldri og eðli stekksins, og til að kanna þykkt mannvistarlaga undir henni, ef einhver eru.

Kröggólfsstaðastekkur hafði upphaflega verið skráður sem tvíhólf tóft en við uppgröft kom í ljós að um tvær tóftir var að ræða. Stekkurinn var grjóthlaðinn og var hann að hluta hlaðinn ofan á eldra torfhlaðið gerði. Kröggólfsstaðastekkurinn sjálfur virðist hafa verið hlaðinn á síðustu öldum en gerðið er mun eldra. Gjóskulagagreiningar benda til þess að það sé töluvert eldra en 1500 og fannst landnámslagið í torfinu sem það var hlaðið úr. Gjóskulagagreiningar voru gerðar af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni, sjá viðauka 1.



Mynd 1. Uppmæling af Kröggólfsstaðastekk og minjahólum.

2.2 Forsaga rannsókna

Fyrirliggjandi voru tvennar fornleifa-skráningar þar sem stekkurinn var skráður.

Eldri skráningin var frá 2017, *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*, og var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses. Þar var Kröggólfsstaðastekk og mögulegum minjahól lýst:

„Hóllinn er 20 x 17 m að hæð og 1 – 1,5 m á hæð. Hann er grasivaxinn, brattur og snýr norðaustur – suðvestur. Greinilegt er að mikil mannvist er hér undir sverði. Stekkjartóftin er ofan á hólum. Hún er 12 x 9 m að stærð, snýr norðaustur – suðvestur og skiptist í tvö hólf. Lýsingin hefst norðaustar, í hólf 1. Það er 6 x 4 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru allgrónir og hvergi glittir í grjóti. Þeir eru 0,3 – 0,4 m á hæð og 2 m breiðir. Veggirnir eru lægstir til suðausturs.

Hólf 1 er opið til norðvesturs. Hólf 2 er suðvestar og lægra en hólf 1. Það er 7 x 2 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Veggirnir eru 0,3 – 0,4 m á hæð og op er til norðvesturs. Veggirnir



Mynd 2. Mynd tekin með flygildi af Kröggólfsstaðastekk og minjahólum. Horft er í SA. Ljóm: AR

eru algrónir en grjót finnst í gegnum svörðinn. Bratt er til suðurs, niður hólinn við tóftina. Mögulega eru þetta tvær tóftir eða tvö byggingastig stekkjarins.”¹

Hin skráningin var frá 2025, Fornleifaskráning vegna tveggja jarðstrengja á Suðurlandi auk vegbóta á Þorlákshafnarvegi, og var unnin af Náttúrustofu Vestfjarða. Þar var Kröggólfsstaðastekk lýst:

„Í örnefnaskrá Kröggólfsstaðatorfu segir: „Kröggólfsstaðstekkur: Hóll gróinn með leifum af stekk, fast sunnan við þjóðveginn norðaustur af Krossgötum.“

Stekkjartóftin er með tveimur hólum og stendur ofan á grasivöxnum hól [3508-004]. Opið er í bæði hólfin í NV. Tóftin er grasivaxin og ekki sást grjót í henni. Veggjahæð er frá 0,3 – 0,4 m og veggjabreidd er að jafnaði um 1 m.”²

Og hólum var lýst:

„Kröggólfsstaðastekkur [3508-003] stendur á grasivöxnum hól sem stendur mjög úr landslaginu og ber það með sér að geyma mannvist. Hóllinn er um 20 x 17 m að stærð og allt að 1,5 m hár. Líklega hefur eitthvað af hólum skemmst þegar reiðgata var lögð fast norðan við hólinn.”³

Ljóst var að ekki var hægt að hlífa hólum frá fyrirhuguðum vegbótum og gerði Minjastofnun Íslands kröfu um forrannsókn á hólum í formi könnunarskurðar. Rannsóknarkröfum Minjastofnunar Íslands var gerð skil í viðauka með bréfi Minjastofnunar frá 10. apríl 2026. Þar segir;

Áður en nokkurt jarðrask verður á svæðinu vegna fornleifarannsókna eða framkvæmda skal ljósmynda minjastaðinn úr lofti, með flygildi (dróna) í því augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af þeim minjum sem á honum eru.

Gerð er krafa um gróft könnunarskurðar, um 1 m á breidd, þvert í gegnum vegg hólfa tóftarinnar og skal hann jafnframt ná út fyrir jaðra hólins, sem tóftin stendur á. Er markmið rannsóknarinnar að grafast fyrir um aldur og eðli tóftarinnar og þykkt mannvistarlagu undir henni, ef einhver eru. Að jafnaði er gert ráð fyrir að grafið sé niður í náttúrulegan jarðveg, en komi í ljós mannvirki undir tóftinni, skal ekki grafið niður úr þeim, heldur skulu þau grafin fram og skráð í fleti skv. fornleifafræðilegum aðferðum.⁴

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Maríu Dísar Ásgeirsdóttur hjá Vegagerðinni gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn með gerð könnunarskurða vegna fyrirhugaðra vegbóta á Þorlákshafnarvegi.

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson & Stefán Ólafsson, 2017, bls. 175

² Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2025, bls. 23

³ Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, 2025, bls. 24

⁴ Rannsóknarkröfur Minjastofnunar Íslands frá 10.4.2026. Svæði: Þorlákshafnarvegur-veghelgunarsvæði. Jörð: Kröggólfsstaðir í Sveitarfélaginu Ölfusi. Minjar: Kröggólfsstaðstekkur (3508-3) og rústahóll (3508-4).

Minjastofnun Íslands fór fram á mótvægisáðgerðir í formi fornleifarannsókna með gerð könnunarskurðar. Þær mótvægisáðgerðir sem farið var fram á eru sjáanlegar í bréfi Minjastofnunar frá 10. apríl 2026. Þar segir;

Af samskiptum Minjastofnunar við fulltrúa Vegagerðarinnar, er nú orðið ljóst, að ekki verður hægt að forða Kröggólfsstaðastekk frá raski vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Minjastofnun gerir því þá kröfu að staðurinn verði rannsakaður áður en framkvæmdir geti hafist, en um er að ræða tvöfalda tóft (3508-3) á hól (3508-4) sem talinn er vera uppbyggður af mannvistarlögum. Er farið fram á fornleifarannsókn í formi könnunarskurðar og skal verkið unnið af fornleifafræðingi með mikla uppgrafarreynslu, í samráði við Minjastofnun Íslands. Stofnunin mun svo í framhaldinu ákveða hvort frekari rannsókna er þörf, áður en framkvæmdir geta hafist.⁵

Eins sagði í bréfinu að verkið skuli unnið á kostnað framkvæmdaraðila, sem í þessu tilviki var Vegagerðin, í samræmi við 28. gr. laga um menningarminjar.

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Við rannsóknina störfuðu Atli Rúnarsson og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir, fornleifafræðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir dagana 15., 16. og 22. júní 2026. Notast var við gröfu með 1 m breiðri ótenntri skóflu til að opna skurðinn. Veður var að mestu þurrt og lítil vindur. Atli Rúnarsson sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Grafinn var könnunarskurður út fyrir jaðra hólins og í gegnum bæði hólftóftarinnar sem stendur ofan á honum. Könnunarskurðurinn var tekinn með gröfu með 1 m ótenntri skóflu og var 22 m að lengd. Vegagerðin útvegaði gröfumann fyrir verkið og fær hann sérstakar þakkir fyrir samstarfið. Engin önnur mannvirki en þau sem sáust á yfirborði fundust í skurðinum og var því grafið niður á óhreyft. Snið skurðarins var hreinsað, hverri einingu lýst og skráð, myndir teknar og sniðið teiknað upp.

Sniðið var teiknað á því svæði þar sem mannvist var að finna í skalanum 1:10 og var það 14 m langt.

Engir gripir eða dýrabein fundust við rannsóknina.

Svæðið var myndað með dróna bæði fyrir og eftir að skurðir voru teknir. Könnunarskurðurinn var mældur upp með Juniper Archer 4 uppmælitæki sem er með skekkjumörk innan við 10 cm og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

2.6 Stærð og umfang uppgrafar

Könnunarskurðurinn var tekinn yfir hólinn og út fyrir jaðra hans. Alls var skurðurinn 22 m langur, 1 m breiður og frá 0,1 – 1,2 m djúpur. Skurðurinn var grynstur í báða enda hans en þar var komið nánast strax niður á náttúrulegt hraungrýti.

⁵ Bréf Minjastofnunar Íslands frá 10.4.2026. Efni: Þorlákshafnarvegur-vegtengingar. Mál: 1305-2024. Kröggólfsstaðastekkur-Rannsóknarkröfur. MÍ202604-0021/8.02/

Tafla 1. Stærð og rúmmetrar könnunarskurðarins.

Stærð	Rúmmetrar (m ³)
22 x 1 x 0,6	13,2

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á KRÖGGÓLFSSTAÐSTECK

Könnunarskurðurinn var opnaður með gröfu og náði hann þvert yfir hólinn og báðar tóftirnar sem á honum stóðu. Skurðurinn var 22 m að lengd, 1m á breidd og 0,1 – 1,2 m djúpur. Skurðurinn var mun grynri í báða enda en þar kom náttúrulegt hraun beint undan sverði. Norðvestur snið skurðarins var teiknað þar sem sjáanlega mannvist var að finna og var sniðið sem var teiknað 14 m langt og það var gert í skalanum 1:10.



Mynd 3. Staðsetning könnunarskurðar og sniðs.

Alls voru átján jarðlög skráð í skurðinum. Efst var yfirborðslag **(101)** sem var ljósbrún mold með mikið af rótum og það var frekar þétt í sér. Lagið náði yfir allan skurðinn og var frá 10 – 30 cm þykkt.

Undan yfirborðslagi **(101)** komu jarðlög **(103)** og **(111)**. Jarðlag **(103)** var áfokslag, blönduð mið brún siltuð mold, grjóttveggir Kröggólfsstaðarstekkjara **(104)** voru í laginu. Jarðlag **(111)** var jarðvegurinn á milli veggja í stekknunum, áfoksmold sem var nokkuð þétt í sér og mið ljósbrún á litinn.

Undan jarðlagi **(103)** komu jarðlög **(106)**, **(110)**, **(112)**, **(115)**, **(116)** og **(118)**.

Jarðlag (106) var blönduð milli dökkbrún mold með mögulegum gjóskulinsum í henni. Torfveggur (110) var í vestanverðum skurðinum og var landnámslagið í torfinu, sjá mynd 5. Þetta er sama torf og er í lagi (116). Jarðlag (112) var annað áfokslag sem lá á milli veggja Kröggólfsstaðastekkjara. Var það mögulega sama lag og (106) en það var svipað á lit og með sömu gjóskulinsum. Jarðlag (115) var gjóskulag úr Kötlu frá árinu 1500 en hún var kolsvört og fínkorna. Torfveggur (116) var í austanverðum könnunarskurðinum, sjá mynd 6. Þetta er sama torf og (110) og voru sömu gjóskulög í því. Jarðlag (118) var hrun úr torfveggi (116).



Mynd 5. Horft SV yfir könnunarskurðinn. Ljsm: KSR



Mynd 4. NV snið könnunarskurðarins. Torfveggur (110) er innan rauða hringsins. Ljsm: KSR.

Undan jarðlagi (106) komu jarðlög (105), (107), (109) og (102). Jarðlag (105) var svört fínkorna gjóska úr Kötlu frá því um 1500. Jarðlag (107) var ljósbrún áfoksmold með fjólbláum blæ. Jarðlag (109) var þétt náttúruleg dökkbrún mold sem lá beint yfir hrauni (102) sem var neðst í skurðinum.

Undan jarðlagi (112) kom jarðlag (113). Það var appelsínugult með gráum og brúnum blæ. Lagið virkaði traðkað og var mögulega lífrænt, sjá mynd 7.



Mynd 6. NV snið könnunarskurðarins. Torfveggur (116) er innan rauða hringins. Lsjm: KSR.



Mynd 7. NV snið könnunarskurðarins. Jarðlag (113) er innan rauða hringins. Lsjm: KSR

Undan jarðlagi (107) kom jarðlag (108) sem var sendin rauðbrún gjóska sem var greind sem forsögulegt lag úr Kötlugosi fyrir um 2900 árum,⁶ lagið lá einnig undir jarðlagi (114) og (117)

Jarðlag (114) var undir lögum (113), (118), (116) og (103). Það var skellótt ljósbrún mold með appelsínugulum blæ.

Undan jarðlagi (114) kom jarðlag (117) sem var dökkbrún blönduð áfoksmold.



Mynd 8. Könnunarskurðurinn við lok uppgraftar. Upp er í SV. Ljsm: AR

4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

⁶ Magnús Á. Sigurgeirsson, 2026, bls. 2

5. NIÐURSTÖÐUR

Ummerki um tvö mannvirki fundust í könnunarskurðinum. Annarsvegar Kröggólfsstaðastekkur og hinsvegar einhverskonar hringlaga torfhlaðið gerði.

Veggir Kröggólfsstaðastekkjara voru grjóthlaðnir og virðist stekkurinn hafa verið opinn í NV. Stekkurinn var líklegast hlaðinn á síðustu öldum en veggirnir komu beint undan yfir-



Mynd 9. Tilgátuteikning af Kröggólfsstaðastekk og gerðinu.

borðslagi og er ljóst frá gjóskulögum að hann er töluvert yngri en 1500.

Vestari veggur stekkjara hefur verið hlaðinn ofan á SV hluta hringlaga gerðis sem fannst undir stekknunum. Gerðið var hlaðið úr torfi og fannst landnámslagið í torfinu, sem sýnir fram á að torfið var tekið einhvertímann eftir landnám. Víst er að gerðið er eldra en 1500 en það var undir gjóskulagi úr Kötlu frá þeim tíma. Miðaldalagið frá 1226 fannst ekki í skurðinum, sem hefði gefið nákvæmari tímasetningu, en vísbendingar um að gerðið sé mjög gamalt, jafnvel frá 10. – 11. öld, en frekari rannsókna er þörf til að komast að nákvæmum aldri þess.⁷

Engin önnur ummerki um mannvist, eins og t.d. kol, fundust í skurðinum og bendir það til dýrahalds frekar en að þar hafi verið mannabústaður.

⁷ Magnús Á. Sigurgeirsson, 2026, bls. 2

6. HEIMILDASKRÁ

Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. (2025). *Fornleifaskráning vegna tveggja jarðstrengja á Suðurlandi auk vegbóta á Þorlákshafnarvegi*. NV nr. 38-25. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Magnús Á. Sigurgeirsson. (2026). *Stekkur við Þorlákshafnarveg í Ölfusi*.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson & Stefán Ólafsson. (2017). *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II. FS626-12022*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Óútgefnar heimildir


Bréf Minjastofnunar Íslands frá 10.4.2026. *Efni: Þorlákshafnarvegur-vegtengingar. Mál: 1305-2024. Kröggólfsstaðastekkur-Rannsóknarkröfur*. MÍ202604-0021/8.02/O.I.

Rannsóknarkröfur Minjastofnunar Íslands frá 10.4.2026. *Svæði: Þorlákshafnarvegur-veghelgunarsvæði. Jörð: Kröggólfsstaðir í Sveitarfélaginu Ölfusi. Minjar: Kröggólfsstaðstekkur (3508-3) og rústahóll (3508-4)*.

7. KORT



8. TEIKNINGAR



Teikning 1. Norðvestursnið könnunarskurðarins. Skali 1:10.

9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborðslag	16.6.2026	AR	Yfirborðslag, ljósbrún mold með mikið af rótum frá grasinu. Nær yfir allan skurðinn
102	Náttúrulegur	16.6.2026	AR	Náttúrulegur jarðvegur og hraun neðst í skurðinum. Dökkbrún mold og hraungrjót.
103	Áfok	16.6.2026	AR	Áfosklag, blönduð mið brún siltuð mold. Veggir (104) eru í laginu.
104	Grjótveggir	16.6.2026	AR	Veggir Kröggólfsstaðastekkar. Eru hlaðnir úr hraungrýti.
105	Gjóska	16.6.2026	AR	Dökkgrátt / svart gjóskulag, fínkorna.
106	Áfok	16.6.2026	AR	Blönduð milli dökkbrún mold, mögulegar gjóskulinsur í henni.
107	Áfok	16.6.2026	AR	Blandað áfokslag, mögulega er gjóska í því.
108	Gjóska	16.6.2026	AR	Sendið rauðbrúnt gjóskulag - þétt í sér.
109	Náttúrulegur	16.6.2026	AR	Náttúruleg dökk brún mold - liggur beint yfir hrauni og er siltuð/leirkennd og þétt í sér.
110	Torf	16.6.2026	AR	Torfveggur í vestanverðum skurðinum, dökkfjólubláar og appelsínugular rendur í torfinu, er undir vestanverðum veggnum (104) í stekknunum. Líklega það sama og (116).
111	Áfok	16.6.2026	AR	Jarðvegur á milli veggja í stekknunum. Áfoksmold, nokkuð þétt í sér - mið ljós brún.
112	Áfok	16.6.2026	AR	Mögulega það sama og 106, svipað að lit og svipaðar gjósku linsur/slettur.
113		16.6.2026	AR	Traðkað lag, grá appelsínugult og brúnt, mögulega er eitthvað lífrænt í því. Lagið er járnríkt - hart.
114	Áfok	16.6.2026	AR	Skellótt blönduð mold.
115	Gjóska	16.6.2026	AR	Kolsvört fínkorna gjóska - Katla 1500?
116	Torf	16.6.2026	AR	Torfveggur og hrun - dökkgráar og gulleitar renndur í torfinu sem er frekar þétt í sér.

Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
117	Áfok	16.6.2026	AR	Dökkbrún blönduð áfoksmold.
118	Torf	16.6.2026	AR	Blandað torfhrun fast vestan við (116).

9.2 Ljósmyndaskrá

Nr.	Mynda nr.	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	100-6576	SA	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
2	100-6577	SA	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
3	100-6578	S	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
4	100-6579	SV	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
5	100-6580	SV	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
6	100-6581	V	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
7	100-6582	S	KSR	15.6.2026	Yfirlitsmynd fyrir uppgröft
8	100-6583	N	KSR	15.6.2026	Vinnumynd
9	100-6584	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
10	100-6585	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
11	100-6586	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
12	100-6587	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
13	100-6588	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
14	100-6589	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
15	100-6590	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
16	100-6591	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
17	100-6592	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
18	100-6593	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
19	100-6594	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
20	100-6595	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
21	100-6596	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
22	100-6597	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
23	100-6598	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
24	100-6599	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
25	100-6600	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
26	100-6601	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
27	100-6602	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
28	100-6603	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
29	100-6604	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
30	100-6605	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
31	100-6606	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
32	100-6607	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
33	100-6608	N	KSR	15.6.2026	N snið könnunarskurðar
34	100-6609	V	KSR	15.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
35	100-6610	V	KSR	15.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
36	100-6611	A	KSR	15.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
37	100-6612	A	KSR	15.6.2026	Horft yfir könnunarskurð

Nr.	Mynda nr.	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
38	100-6613	S	KSR	16.6.2026	Mögulegur torfveggur í fleti
39	100-6614	S	KSR	16.6.2026	Járnrikt lag (113) í fleti
40	100-6615	S	KSR	16.6.2026	Járnrikt lag (113) í fleti
41	100-6616	S	KSR	16.6.2026	Járnrikt lag (113) í fleti
42	100-6617	S	KSR	16.6.2026	Gjósulag (108) í fleti
43	100-6618	S	KSR	16.6.2026	Jarðlag (109) í fleti
44	100-6619	V	KSR	16.6.2026	Horft yfir könnunarskurð.
45	100-6620	SA	KSR	16.6.2026	Yfirlitsmynd af fleti könnunarskurðar
46	100-6621	SA	KSR	16.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
47	100-6622	SA	KSR	16.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
48	100-6623	V	KSR	22.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
49	100-6624	V	KSR	22.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
50	100-6625	S	KSR	22.6.2026	Náttúrulegt hraun neðst í könnunarskurði
51	100-6626	S	KSR	22.6.2026	Náttúrulegt hraun neðst í könnunarskurði
52	100-6627	SA	KSR	22.6.2026	Horft yfir könnunarskurð
53	100-6628	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
54	100-6629	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
55	100-6630	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
56	100-6631	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
57	100-6632	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
58	100-6633	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
59	100-6634	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
60	100-6635	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
61	100-6636	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
62	100-6637	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
63	100-6638	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
64	100-6639	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
65	100-6640	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
66	100-6641	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
67	100-6642	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
68	100-6643	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
69	100-6644	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar
70	100-6645	N	KSR	22.6.2026	N snið könnunarskurðar

9.3 Drónamyndaskrá


Nr.	Mynda nr.	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	1782225857328	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í NA.
2	1782225856587	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft.
3	1782225852870	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft.
4	1782225850345	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft.
5	1782225848377	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í vestur.
6	1782225847150	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í vestur.
7	1782225844462	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í vestur.

Nr.	Mynda nr.	Nafn	Dagsetning	Lýsing
8	1782225843540	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft.
9	1782225840661	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í SV.
10	1782225838615	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft. Horft í SV.
11	1782225836792	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði eftir að það var opnað með gröfu.
12	1782225834515	AR	15.6.2026	Yfirlit af svæði eftir að það var opnað með gröfu.
13	1782225833559	AR	15.6.2026	Nærmynd af vestanverðum skurðinum eftir að hann var opnaður með gröfu.
14	1782225830499	AR	15.6.2026	Nærmynd af vestanverðum skurðinum eftir að hann var opnaður með gröfu.
15	1782225829333	AR	15.6.2026	Nærmynd af vestanverðum skurðinum eftir að hann var opnaður með gröfu.
16	1782225825929	AR	15.6.2026	Nærmynd af austanverðum skurðinum eftir að hann var opnaður með gröfu.
17	1782225823694	AR	15.6.2026	Horft SV yfir könnunarskurðinn eftir að hann var opnaður með gröfu.
18	1782225821705	AR	15.6.2026	Horft SV yfir könnunarskurðinn eftir að hann var opnaður með gröfu.
19	1782225819848	AR	15.6.2026	Horft SA yfir könnunarskurðinn eftir að hann var opnaður með gröfu.
20	1782225818982	AR	15.6.2026	Horft SA yfir könnunarskurðinn eftir að hann var opnaður með gröfu.
21	VOID	VOID	VOID	VOID
22	1782225814490	AR	16.6.2026	Mid-ex yfirlit af könnunarskurði.
23	1782225812563	AR	16.6.2026	Mid-ex yfirlit af könnunarskurði.
24	1782225809202	AR	16.6.2026	Mid-ex yfirlit af vestanverðum könnunarskurði.
25	1782225807069	AR	16.6.2026	Mid-ex yfirlit af vestanverðum könnunarskurði.
26	1782225804986	AR	16.6.2026	Mid-ex yfirlit af austanverðum könnunarskurði.
27	1782225803157	AR	16.6.2026	Mid-ex nærmynd af austanverðum könnunarskurði.
28	1782225802860	AR	16.6.2026	Mid-ex nærmynd af miðjum könnunarskurði.
29	1782225797842	AR	16.6.2026	Mid-ex nærmynd af miðjum könnunarskurði.
30	1782225795313	AR	16.6.2026	Mid-ex nærmynd af vestanverðum könnunarskurði.
31	1782225792787	AR	22.6.2026	Yfirlit af könnunarskurði eftir uppgröft
32	1782225790673	AR	22.6.2026	Yfirlit af könnunarskurði eftir uppgröft
33	1782225788668	AR	22.6.2026	Yfirlit af könnunarskurði eftir uppgröft
34	1782225786450	AR	22.6.2026	Yfirlit af könnunarskurði eftir uppgröft
35	1782225783995	AR	22.6.2026	Yfirlit af könnunarskurði eftir uppgröft

9.4 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dags.	Nafn	Lýsing
1	1:10	Snið	22.6.2026	KSR	Snið á vestanverðum könnunarskurði sem snýr í NV.
2	1:10	Snið	22.6.2026	KSR	Snið á miðjum könnunarskurði sem snýr í NV.
3	1:10	Snið	22.6.2026	KSR	A: Snið á miðjum könnunarskurði sem snýr í NV. B: Snið á austanverðum könnunarskurði sem snýr í NV.

9.5 Flæðirit (Harris Matrix)



VIÐAUKI 1. GJÓSKULAGARANNSÓKN

Stekkur við Þorlákshafnarveg í Ölfusi

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netfang: mas@isor.is og magnussigur@gmail.com

INNGANGUR

Þann 2. júlí 2026 var farin vettvangsferð í Ölfusi til að skoða stekkjarrúst, n.t.t. Köggólfsstaðastekki, sem er við syðri vegkant Þorlákshafnarvegjar, um 1,5 km suðvestan Hveragerðis (mynd 1). Skoðað var í skurð sem grafinn hafði verið í gegnum rústahólinn þverann. Leitað var gjóskulaga í bökkunum, jarðlög skoðuð og sýni tekin til frekari athuguna.



Mynd 1. Köggólfsstaðastekkur við Þorlákshafnarveg, 1,5 km suðvestan Hveragerðis (mynd frá Google Earth).

Helstu gjóskulög í Ölfusi samkvæmt fyrri rannsóknum

Samkvæmt fyrri rannsóknum má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög í Ölfusi yngri en Landnámslagið:

K-1721 (<0,3 cm)

K~1500 (2-3 cm)

Miðaldalag (R-9) frá 1226 (<0,3 cm). Upptök í sjó við Reykjanes.

Eldgjá ~ 939 (< 0,3 cm), tilheyrir Kötlukerfi.

Katla-R frá ~920 (< 0,5 cm)

Landnámslag (LNL) með upptök í Bárðarbungu- og Veiðivatnakerfi, um 880 e.Kr. Á Suðvestur- og Vesturlandi er lagið tvílið með ljósan neðri hluta og ólívugrænan efri hluta en annars staðar er það einlið (dökkt). Lagið ætti að vera um 1 cm þykkt við Selfoss.

Ekki er gefið að öll þessi lög finnist á sama stað og jafnframt er möguleiki á að önnur lög finnist.

NIÐURSTÖÐUR ATHUGANA


Í skurðinum í Köggólfsstaðastekki kom fram annars vegar fornt hringlaga gerði, hlaðið úr torfi, og hins vegar stekkurinn sem er frá seinni tíð, hlaðinn úr grjóti og torfi. Áhersla var á að skoða torfið í gerðinu. Í torfi þess var mikið af tvílítum slitrur úr Landnámslaginu (mynd 2). Erfitt er að tímasetja torfið nákvæmlega vegna vöntunar á gjóskulögum en ljóst er þó að það er frá því löngu fyrir 1500 en slitrur af gjóskulaginu K~1500 mátti sjá *in situ* í sniðunum (mynd 3). Vísbendingar eru um að gerðið sé mjög gamalt, jafnvel frá 10.-11. öld. Miðaldalagið frá 1226 fannst ekki í skurðinum en það hefði gefið nákvæmari tímasetningu. Frekari rannsóknir þarf til að finna nákvæmari aldur (mynd 4). Telja má víst að Köggólfsstaðastekki sé frá síðustu öldum.



Mynd 2. Snið í vegg hringlaga gerðis sem er mun eldra en Köggólfsstaðastekki. Sjá má tvílítar slitrur úr LNL.



Mynd 3. Í sniðinu má sjá K~1500 (kolsvart). Neðar eru rauðbrún forsöguleg Kötlulög, 2900 og 3500 ára gömul.



Mynd 4. Sniðteikning úr skurðinum í Köggólfssstaðastekku.

HELSTU HEIMILDIR

Guðrún Larsen 2018. Eldgos á suðurlálandi á fyrstu öldum byggðar – áhrif í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslum. Náttúrufræðingurinn 88 (1-2), bls. 5-18.

Guðrún Larsen 2010. Katla: Tephrochronology and eruption history. The Mýrdalsjökull ice cap, Iceland. Glacial processes, sediments and landforms on an active volcano (ritstj. A. Schomacker, J. Krüger and K.H. Kjær). Developements in Quaternary Sciences, 13.

Hafliði Hafliðason, Guðrún Larsen, Gunnar Ólafsson 1992. The sedimentation history of Thingvallavatn. Oikos 64: 80-95.

Magnús Á. Sigurgeirsson 1995. Miðaldalagið. Í: Eyjar í eldhafi. Afmælisrit helgað Jóni Jónssyni jarðfræðingi. Gott mál hf., s. 189-198.

Sigurður Þórarinnsson 1968. Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.